

## Lúsin

Eins og foreldrar hafa orðið varir við hefur töluvert verið um lús hjá okkur í haust. Það er afar mikilvægt að slaka ekki á og halda áfram að kemma reglulega og láta skólann vita ef upp koma tilfelli þannig að hægt sé að gera öðrum foreldrum einnig viðvart.



## Breytingar á mataráskrift

Við minnum á að ef um er að ræða breytingar á mataráskrift nemenda þá þurfa tilkynningar um það að hafa borist í íbúagátt Kópavogs fyrir 20. hvers mánaðar ef þær eiga að taka gildi um næstu mánaðarmót þar á eftir.

## Kæra skólasamfélag

Nú verður haustlegra með hverjum deginum enda október genginn í garð. Eins og sjá má á dagatalinu á baksíðu ritsins eru nokkrir kennslulausir dagar í október, þ.e. starfsdagur, viðtalsdagur og svo vetrarleyfið í lok mánaðarins. Starfsdagurinn 7. október er að venju nýttur til fræðslu og samráðs starfsmanna allra grunn- og leikskóla Kópavogs. Þetta er líka annar af tveimur starfsdögum Dægradvalar á skólaárinu og því er lokað þar þennan dag. Fyrirkomulag viðtalsdagsins 19. október verður auglýst innan skamms en þar mæta foreldrar og nemendur til viðtals til umsjónarkennara. Vetrarleyfið er svo að venju í lok mánaðar og við minnum á að Dægradvalir bæjarins eru lokaðar í vetrarleyfum skólanna.

Við erum nú að breyta aðeins fyrirkomulagi á vikupóstum og deilingu ástundunarupplýsinga nemenda á þann hátt að framvegis er miðað við að allir árgangar sendi út tölvupósta til forráðamanna einu sinni í viku með yfirliti ástundunar hvers nemanda, og upplýsingum um starfið í árganginum, eftir því sem tilefni er til. Hugmyndin með þessu er að leitast við að samræma og bæta upplýsingaflæði til foreldra.

Í seinni hluta mánaðarins er ætlunin að boða til funda með foreldrum þar sem við hefjumst handa við stefnumótunavinnu fyrir skólann okkar. Nú eru 10 ár að baki í sögu Hörðuvallaskóla og því vel við hæfi að líta fram á veginn og hugleiða hvernig við viljum að hann líti út eftir næstu 10 ár og hvað við viljum leggja áherslu á í starfsháttum á því tímabili. Við óskum eftir góðri þátttöku foreldra í þessari vinnu en tímasetningar og nánara fyrirkomulag verður auglýst þegar nær dregur.

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ágúst Jakobsson, skólástjóri

## Hörðuvallaskóli er Norðurlandameistari í skólaskák

Skákssveit Hörðuvallaskóla vann öruggan sigur á Norðurlandamóti skólaskákssveita sem fram fór í Osló í byrjun september. Sveitina skipuðu þeir Vignir Vatnar Stefánsson, Stephan Briem, Sverrir Hákonarson og Arnar Milutin Heiðarsson. Varamenn voru Benedikt Briem og Óskar Hákonarson en liðsstjóri var Gunnar Finnsson. Alls hlaut sveitin 16,5 vinninga af 20 mögulegum en auk þess fengu þeir Vignir Vatnar, Sverrir og Arnar Milutin allir borðaverðlaun en þeir unnu allar sínar viðureignir.

**Innilega til hamingju með árangurinn, við erum sannarlega stolt**



## Af starfsmannamálum

Það hefur verið töluvert mikið um forföll hjá starfsmönnum okkar nú í byrjun skólaársins og höfum við þurft að grípa til ýmissa ráðstafana til að mæta því. Við höfum einnig verið að bæta við starfsfólki í stuðning og í Dægradvöl alveg fram á síðustu daga. Nokkrar breytingar verða nú í mánuðinum vegna langtímaforfalla kennara. Þannig kemur til starfa nú í byrjun mánaðar nýr umsjónarkennari í einum fyrsta bekknum okkar en hún heitir Sigríður Andrésdóttir. Kristján smíðakennari verður í feðraorlofi næstu þrjá mánuði en í hans stað kemur Dagný Guðmundsdóttir. Um miðjan mánuðinn kemur svo Victor Victorsson aftur til starfa við skólann og tekur þá við hlutverki umsjónarkennara í 3.GF. Að lokum má svo nefna að frá og með mánaðarmótum er orðið til nýtt starf hjá okkur, það er starf aðstoðarforstöðumans í Dægradvöl og í það kemur Birta Baldursdóttir.

## Starfsáætlun og umbótatillögur

Nú í vikunni mun birtast á heimasíðu skólans starfsáætlun fyrir skólaárið 2016-2017. Í starfsáætlun eru teknar saman helstu upplýsingar sem varða skólastarfið ár hvert og er hún hluti af skólanámskrá skólans. Meðal þess sem birtist í áætluninni er yfirlit yfir helstu verkefni skólaársins en með hliðsjón af matsgögnum frá síðasta vetri höfum við sett niður eftirfarandi umbótatillögur fyrir þetta skólaár:

- Skólanámskrá verði unnin að nokkru leyti frá grunni og birt opinberlega.
  - ◇ Stefnumótun – grunnstefna skólans mótuð nánar og sett fram markmið og/eða viðmið.
  - ◇ Kennsluhættir – sett fram stefna um kennsluhætti í Hörðuvallaskóla, viðmið um starfshætti.
  - ◇ Námsmat – sett niður nýtt fyrirkomulag á námsmati sem samræmist ákvæðum aðalnámskrár um hæfniviðmið og matsviðmið.
  - ◇ Uppeldisstefna – skoðað hvort ástæða sé til að taka upp samræmda uppeldisstefnu í skólanum.
  - ◇ Skólareglur – endurskoðaðar í samvinnu starfsmanna, nemenda og foreldra.
  - ◇ Mats- og þróunaráætlun til nokkurra ára unnin.
- Upplýsingaflæði verði eft, bæði innbyrðis í stofnuninni og út á við. Þetta verði gert á eftirfarandi hátt:
  - ◇ Skólastjóri sendi vikulega upplýsingapósta til starfsfólks með samantekt á ýmsu sem varðar starfið, yfirlit yfir dagskrá næstu tveggja vikna og fundargerðum eftir því sem þær falla til.
  - ◇ Upplýsingaskjálir innanhúss verði teknir í notkun í ársbyrjun 2017.
  - ◇ Send verði út mánaðarleg fréttabréf til foreldra.
  - ◇ Umsjónarkennarar sendi út vikulega upplýsingapósta til foreldra, form þessara pósta verði samræmt og innihaldi þeir ástundunarupplýsingar nemenda.
  - ◇ Undirbúin endurnýjun heimasíðu með það að markmiði að opna nýja og aðgengilegri síðu í byrjun skólaársins 2017-2018.
  - ◇ Mentorkerfið verði nýtt meira til að skrá og halda til haga upplýsingum varðandi nemendur.
- Kennsluáætlanir
  - ◇ Endurskoðað form kennsluáætlana og skoðuð notkun á mentor til gerð áætlana.
  - ◇ Áætlanir birtar foreldrum, annaðhvort á heimasíðu eða í gegnum mentor.
- Fræðsla og endurmenntun.
  - ◇ Unnin endurmenntunarstefna fyrir skólann.
  - ◇ Komið á vikulegum fræðslufundum fyrir starfsmenn.
  - ◇ Leshópum starfsmanna komið á fót.
  - ◇ Þátttaka í BMB þróunarverkefni (Bera meira úr bítum) í samvinnu við Menntavísindasvið HÍ en þar er um að ræða íhlutunarrannsókn sem snýr að mótun lærdómssamfélags.
- Húsnæðis- og aðstöðumál.
  - ◇ Í samvinnu við bæjaryfirvöld unnið að stækkun húsnæðisins fyrir haustið 2017 vegna fjölgunar nemenda.

## Engin eftirlitsúr á skólatíma!!

Töluverðar umræður hafa orðið upp á síðkastið um notkun svokallaðra „eftirlitsúra“ meðal grunnskólabarna. Ljóst er að notkun þessara tækja er nú að ná mikilli útbreiðslu sem vekur ýmsar spurningar um persónuvernd m.a. þegar hægt er að opna fyrir hlustun í gegnum tækin. Við mælumst því ákveðið til þess að nemendur séu ekki með þessi úr á sér í skólanum, heldur geymi þau í töskum sínum ef þau þurfa að hafa þau meðferðis. Það er ljóst að við afhendingu og notkun hvers kyns tækja af þessu tagi, þar sem hægt er að taka upp hljóð og/eða myndir með einföldum hætti, þarf að gæta vel að siðferðilegum málum eins og því að ekki á að taka upp mynd- eða hljóðefni nema með leyfi viðstaddra. Við biðjum um aðstoð foreldra við að ræða þetta við börnin og gera þeim grein fyrir að brot á þessum atriðum eru alvarlegs eðlis. Þeir sem innan skólans starfa eru bundnir þagnarskyldu um málefni nemenda og atriði sem snúa að einstaklingum. Á sama hátt ætlumst við til þess að ef foreldrar og aðrir sem koma inni í skólann virði þagnarskyldu um það sem þeir kunna að sjá eða heyra varðandi aðra nemendur, en það er vægast sagt óþægilegt fyrir alla aðila ef við vitum ekki hver er „nálægur“ á hverjum tíma. Það er í þágu okkar allra að prinsippatriði sem varða persónuvernd séu virt.

## Kúlan rúllar af stað

Félagsmiðstöðvastarfið í Kúlunni er heldur betur komið á fullt. Í upphafi vetrar settum við á laggirnar svokallað Kúlucrew en í því eru allir unglingar Hörðuvallaskóla sem hafa áhuga á að hafa bein áhrif á starfið. Kúlucrewið heldur fundi mánaðarlega, síðasta miðvikudag í mánuði. Á þessum fundum gefst unglingum og starfsfólki Kúlunnar færi á að skipuleggja starfið lýðræðislega í sameiningu. Í næsta mánuði verður svo komið af stað nemendaráði sem er samstarfsverkefni Hörðuvallaskóla og Kúlunnar, í því verða 2 fulltrúar úr hverjum árgangi. Þeir sem hafa áhuga á að sitja í nemendaráði Hörðuvallaskóla og Kúlunnar hafa frest til 12. október til að skrá framboð sitt. Þegar framboðum lýkur gefst frambjóðendum færi á að kynna sig og hugmyndir sínar fyrir sínum árgangi og því næst er gengið til kosninga. Það er spennandi vetur framundan með frábærum unglingum!

## Dagskrá Kúlunnar í október:

Mánudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
3. október	5. október	6. október	7. október
19:30-22:00 Skutlukeppni	17:00-18:30 Opið Hús 19:30-22:00 Heiti potturinn	14:00-16:00 Opið Hús	
10. október	12. október	13. október	14. október
19:30-22:00 Fifamót	17:00-18:30 Valdamynd 19:30-22:00 Opið Hús	14:00-16:00 Opið Hús	19:30-23:00 Kökukeppni
17. október	19. október	20. október	21. október
17:00-18:30 Miðstigsopnun 19:00-22:00 Fræðsla í Pegasus	17:00-18:30 Opið Hús 19:00-22:00 Fræðsla í Pegasus	14:00-16:00 Opið Hús	
24. október	26. október	27. október	28. október
19:30-22:00 Kareoke	17:00 – 18:30 6. bekkjar opnun 19:30 – 22:00 Kúlucrew-fundur	14:00-16:00 Opið Hús	19:30-23:00 Vesturbæjarís
31. nóvember			
17:00-18:30 7. bekkjar opnun 19:30-22:00 Hungurleikar			

### Skákæfingar

verða framvegis á fimmtudögum kl. 15:30-16:10. Kennari er Gunnar Finnsson og allir nemendur velkomnir...!!



### Læsisáttmáli Heimila og skóla

Á heimasíðu Heimila og skóla er margt fróðlegt að finna en þar á meðal er læsisáttmáli sem er leiðarvísir og stuðningsefni fyrir foreldra. Bekkjarfulltrúar, umsjónarkennarar og aðrir geta nýtt sér sáttmálann til að koma af stað umræðum um læsi og hlutverk foreldra þegar kemur að námi og lestrarþjálfun barna en þarna er einnig að finna ýmsar gagnýtar upplýsingar og leiðbeiningar sem geta gagnast vel við lestrarþjálfunina. Sjá vefslóðina:

<http://www.heimilhogskoli.is/laessissattmali/>



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau								
2.	3. Gufusodin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. <b>Kúlan 8.-10.b</b>	4. Grisasnitsel með kaldri bernaisesósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. <b>Samstund: Atriði frá 10.R og 3.I</b>	5. Hrisgrjónagrauttur með kanilsykri, rúsinum, lifrarpylsu og blóðmör. Ávextir. <b>Kúlan 8.-10.b</b>	6. Ýsa í orly m/ brúnum hrisgrjónum og súrsætri sósu. Salatbar og ávextir. <b>Kúlan 8.-10.b</b>	7. <b>STARFSDAGUR</b> <b>DÆGRADVÖL LOKUÐ</b>	8								
9.	10. Léttsaltður þorskur m/bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. <b>Kúlan 8.-10b</b>	11. Kalkúnabollur í teri- yakisósu með brúnum hrisgrjónum. Salatbar og ávextir. <b>Samstund: Atriði frá 10.H og 4.IB/Z</b>	12. Heitur pastaréttur m/ heilheitipasta, beikoni og grænmeti í ostasósu. Ávextir. <b>Kúlan 8.-10.b</b>	13. Lax í sítrónusmjöri m/ soðnum kartöflum og hvítlaukssósu. Salatbar og ávextir. <b>Kúlan 8.-10.b</b>	14. Matarmikil íslensk kjötsúpa. Ávextir. <b>Kúlan 8.-10.b</b>	15.								
16.	17. Ýsa í raspi með soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir. <b>Kúlan 5.-7b. / 8.-10b</b>	18. Rjómalgúð aspásúpa m/ brauði og áleggi. Ávextir. <b>Samstund: Atriði frá 10.H og 2.HA/HH Spilakvöld For.félags</b>	19. Nemenda/foreldravíðtöl Dægradvöl opin <b>Kúlan 8.-10.b</b>	20. Heimalagaður ofnbak- aður fiskur í karrýsósu m/ brúnum hrisgrjónum. Salatbar og ávextir. <b>Kúlan 8.-10.b</b>	21. Nautahakk og pastaskrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir.	22.								
23.	24. Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabbarbarasultu. Salatbar og ávextir. <b>Kúlan 8.-10b</b>	25. Píta m/ skinku, grænmeti og pítusósu. Ávextir. <b>Samstund: Atriði frá 9.B og 4.IH/H</b>	26. Matarmikil ítölsk grænmetissúpa m/ heilheitipasta og brauði. Ávextir. <b>Kúlan 6.b / 8.-10.b</b>	27. <b>VETRARFRÍ</b> <b>DÆGRADVÖL LOKUÐ</b> <b>Kúlan 8.-10.b</b>	28. <b>VETRARFRÍ</b> <b>DÆGRADVÖL LOKUÐ</b> <b>Kúlan 8.-10.b</b>	29.								
30.	31. Heimalagaður plök- fiskur m/ rúgbrauði. Salatbar og ávextir. <b>Kúlan 7b. /8.-10b</b>	<b>Munið foreldraröltið</b> Upplýsingar um skipulag þess er að finna á heimasíðu skólans <a href="http://www.horduvallaskoli.is/foreldrar/foreldrarolt/">http://www.horduvallaskoli.is/foreldrar/foreldrarolt/</a> Októbervaktirnar eru sem hér segir: <table border="1" data-bbox="925 1568 1380 1769"> <tr> <td>7.okt.16</td> <td>3.E</td> </tr> <tr> <td>14.okt.16</td> <td>3.GF</td> </tr> <tr> <td>21.okt.16</td> <td>3.GGE</td> </tr> <tr> <td>28.okt.16</td> <td>Heimavarnarliðið</td> </tr> </table>					7.okt.16	3.E	14.okt.16	3.GF	21.okt.16	3.GGE	28.okt.16	Heimavarnarliðið
7.okt.16	3.E													
14.okt.16	3.GF													
21.okt.16	3.GGE													
28.okt.16	Heimavarnarliðið													

**Muna:**

Dægradvöl er lokuð á starfsdegi 7. okt  
og í vetrarleyfinu 27.-28. október

Víðtalsdagur 19. okt - fyrirkomulag auglýst  
síðar

Spilakvöld Foreldrafélagsins 18. okt kl. 17-19

**Hnetulaus skóli!!!**

Kynningarfundur um spjaldtölvuverkefnið fyrir  
nýja foreldra í 7.-10. bekkjum  
grunnskóla Kópavogs verður  
haldinn

þriðjudaginn 4. október

kl. 17:30-18:30 í Lindaskóla.

